

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um DRG-kostnaðargreiningu á Landspítalanum.

Frá Hönnu Katrínu Friðriksson.

1. Hver er ástæða þess að fjármögnun klínískrar þjónustu á Landspítalanum er enn ákveðin á föstum fjárlögum en er ekki orðin framleiðslutengd á grundvelli DRG-kostnaðargreiningar (e. *diagnosis-related groups*) eins og stefnt var að með samningi Sjúkratrygginga Íslands og Landspítala árið 2016?
2. Hversu mörg stöðugildi, af um 4.100 alls á spítalanum, og hversu margar fagstéttir, af 15 alls, falla undir DRG-kostnaðargreiningu á Landspítalanum?
3. Hvernig er kennsla og vísindastarf lækna á Landspítalanum reiknað inn í DRG-kostnaðargreininguna?

Skriflegt svar óskast.